

# Ársskýrsla Landverndar

## 2005-2006

### Sjálfbær þróun



Mikil og alvarleg hnignun hefur orðið á vistkerfum og öðrum umhverfisgæðum í heiminum frá dögum iðnbyltingar og þá sérstaklega á undanförunum 50 árum. Mælingar á ástandi vistkerfa gefa vísbendingar um að efnahagshagvöxtur og ör mannfjölgun sem orðið hafa undanfarin árhundruð hafi raskað mikilvægum hringrásum náttúrunnar og í sumum tilvikum sé þessi röskun svo víðtæk og djúp að hún kunni að ógna sjálfum forsendum mannlífs á Jörðu.

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar varð ákveðin vakning um hvert stefndi og reynt var að finna leiðir til að stemma stigu við þessari þróun. Mönnum varð ljóst að velferð til framtíðar yrði ekki tryggð nema með því að taka ríkt tillit til gangverks náttúrunnar og að forðast aðgerðir og framkvæmdir sem raska þessu gangverki. Árið 1992 sameinuðust þjóðir heims um yfirlýsingu þar sem því var heitið að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í stefnumörkun og aðgerðum. Yfirlýsingin byggir á þeirri fullvissu að varanleg velferð verði ekki tryggð nema að samfara efnahagsvexti fari einnig félagsleg velferð og verndun umhverfisins. Þessa þrjá þætti ber að skoða í samhengi og leitast við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða umhverfið.

Hugtakið sjálfbær þróun hefur þannig orðið til af illri nauðsyn og hefur verið skilgreint sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða. En hvers vegna á að hafa hag komandi kynslóða að leiðarljósi? Í mínum huga snýst þetta um að þvinga nútímamanninn til að hugsa til langs tíma, en þannig tekur hann betri ákvarðanir til að bæta umhverfi sitt í dag og þar með að auka lífsgæði sjálfs sín. Og þetta er mergur málsins – að auka gæði mannlífs í dag – en tryggja að lífað sé innan þolmarka vistkerfa Jarðarinnar og að Jörðin geti þar með „borið framtíðina“.

Á Íslandi er sjálfbær þróun fyrir atbeina stjórnvalda komin vel inn í orðræðuna og er hugtakið notað til að lýsa framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag. Það eru ekki einungis stjórnvöld, bæði ríkisstjórn og sveitarstjórnir, sem hafa gert sjálfbæra þróun að stefnumáli sínu heldur einnig félagasamtök í atvinnulífinu og víðar, jafnt sem allir stjórnmalaflokkar. Það virðast því allir vera sammála um þessa hugmyndafræði og hún á ekki að vera flokkspólítískt álitaefni. Um þessi mál er þó nauðsynlegt að setja ákveðnar leikreglur, eins konar vegvísi sem menn geta farið eftir, svipað og um aðrar leikreglur sem gilda í atvinnulífinu í gegnum samkeppnislög eða aðra löggjöf. Með því móti yrði stuðlað betur að því að stefnunni sé fylgt.

Síðastliðið vor tók ég við sem formaður Landverndar. Landvernd eru samtök sem starfað hafa að umhverfisvernd í liðlega 36 ár. Þetta ár hefur verið annasamt og ég leyfi mér að fullyrða að samtökin hafi með víðtækum hætti haft áhrif á samræður og aðgerðir til að efla sjálfbæra þróun. En betur má ef duga skal. Það er nauðsynlegt að efla getu samtakanna til að hafa áhrif á framvindu þessara mála. Skammtímasjónarmið ráða því miður afar oft ferðinni og því er nauðsynlegt með langtíma sjónarmið að leiðarljósi að efla mátt þeirra sem vinna á þessum vettvangi.


Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar, starfsfólks og allra félaga í Landvernd þakka fráfarandi framkvæmdastjóra, Tryggva Felixsyni, fyrir gott samstarf, einstaklega vel unnin störf í þágu Landverndar undanfarin 7 ár, og ómetanlegt framlag hans til náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi.

*Björgólfur Thorsteinsson,  
formaður Landverndar*

## Efnisyfirlit

<b>Sjálfbær þróun – aðfaraorð formanns</b> . . . . .	<b>1</b>
<b>Skipurit fyrir Landvernd.</b> . . . . .	<b>3</b>
<b>Stjórnin</b> . . . . .	<b>3</b>
<b>Rekstur</b> . . . . .	<b>4</b>
Starfsmenn skrifstofu . . . . .	4
Fjárhagur . . . . .	4
Húsnæðismál – flutningar . . . . .	4
<b>Málafylgja</b> . . . . .	<b>4</b>
Ályktanir aðalfundar 2005 . . . . .	4
Umsagnir vegna mats á umhverfisáhrifum . . . . .	6
Stjórnsýslukærur . . . . .	6
Þingmál . . . . .	6
Aðrar umsagnir og ábendingar . . . . .	6
Stefnumarkandi yfirlýsingar stjórnar . . . . .	7
<b>Hálendið og hálendisvegir.</b> . . . . .	<b>8</b>
<b>Sjö ár með Landvernd</b> . . . . .	<b>9</b>
<b>Alþjóðamál</b> . . . . .	<b>10</b>
Norrænt samstarf . . . . .	10
Foundation for Environmental Education (FEE) . . . . .	10
Sameinuðu þjóðirnar . . . . .	10
Forbundet Nordisk Vuxenupplysning (FNV) . . . . .	10
GAP-international . . . . .	10
IUCN – World Conservation Union. . . . .	10
<b>Fræðslustarf Landverndar</b> . . . . .	<b>11</b>
Alviðra fræðslusetur . . . . .	11
Vistvernd í verki . . . . .	12
Grænfáninn - Skólar á grænni grein . . . . .	13
COPE – færni . . . . .	13
Bláfáninn . . . . .	14
Náttúruskóli Reykjavíkur . . . . .	14
<b>Sérstök verkefni.</b> . . . . .	<b>15</b>
Loftslagsverkefni Landverndar . . . . .	15
Hálendisvegir . . . . .	15
Hálendisverkefni . . . . .	15
ÍslandsGátt . . . . .	16
Kolviður . . . . .	16
<b>Þjórsárver eru þjóðargersemi.</b> . . . . .	<b>17</b>
<b>Útgáfa</b> . . . . .	<b>18</b>
<b>Opnir fundir og málstofur</b> . . . . .	<b>18</b>
<b>Rekstarreikningur</b> . . . . .	<b>20</b>
<b>Efnahagsreikningur</b> . . . . .	<b>21</b>
<b>Minningargjafir til styrktar Aldamótasjóði.</b> . . . . .	<b>22</b>
<b>Aðildarfélög Landverndar</b> . . . . .	<b>22</b>
<b>Þakkar fyrir stuðninginn</b> . . . . .	<b>23</b>

# Skipurit fyrir Landvernd, landgræðslu og umhverfisverndarsamtök Íslands



## Stjórnin

Stjórn Landverndar skipuðu þau Björgólfur Thorsteinsson, rekstrarhagfræðingur, formaður Landverndar, Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur, varaformaður Landverndar, Heiðrún Guðmundsdóttir, umhverfisfræðingur, Davíð Aðalsteinsson, bóndi og fyrrverandi alþingismaður, Lilja Pálmadóttir, myndlistamaður m.m., Óskar Helgi Guðjónsson, framkvæmdastjóri Ultima Thule, Steingrímur Hermannsson, verkfræðingur og fyrrverandi forsætisráðherra, Þórunn Pétursdóttir, landgræðslufulltrúi á Vesturlandi, María Jóna Gunnarsdóttir, umhverfisfræðingur og Þórður Halldórsson, bóndi.

Stjórnin kom 12 sinnum saman til fundar á starfsárinu: 12. maí, 9. júní, 22. ágúst, 29. september, 27. október, 24. nóvember og 15. desember 2005, og 26. janúar, 16. febrúar, 15. mars, 11. apríl og 25. apríl 2006.

Auk þess hélt stjórnin tvo aukafundi um stefnumörkun: Í Bláfjöllum 16. október með um 15 gestum og á Hvanneyri í Borgarfirði 21. janúar 2006.

Helstu viðfangsefni stjórnar voru að marka stefnu, skipuleggja opna fundi og málþing, ræða aðgerðir til að styrkja samtökin fjárhagslega, umsagnir um þingmál og framkvæmdir og yfirlýsingar um stefnumörkun í einstaka málum.

## Rekstur

### **Starfsmenn skrifstofu**

Framkvæmdastjóri til 17. mars var Tryggvi Felixson, en hann hóf starf sumarið 1999. Við starfi hans tekur Bergur Sigurðsson 1. maí 2006. Rannveig Thoroddsen hefur aðstoðað við skrifstofustörf og sinnt tilteknum verkefnum. Jakob Halldórsson færir bókhald Landverndar. Hjördís B. Ásgeirsdóttir er staðar-ráðsmaður í Alviðru og sér um fræðslustarfið þar. Þóra Bryndís Þórisdóttir er verkefnisstjóri Vistverndar í verki. Sigrún Helgadóttir er verkefnisstjóri Grænfánans. Nikulás Fr. Magnússon aðstoðar við ýmis verkefni og annast uppsetningu á bás og sýningu Vistverndar í verki. Auður H Ingólfssdóttir tók við af Svavari Knúti Kristinssyni sem ritstjóri Kríunnar. Jón Jól Einarsson vann við verkefnið ÍslandsGátt í fjóra mánuði.

### **Fjárhagur**

Fjárhagur Landverndar veiktist nokkuð á síðasta ári, en hann var í jafnvægi á árinu 2004 í fyrsta sinn síðan Pokasjóður var tekinn af samtökunum árið 1994. Rekstrartekjur voru 28,7 m.kr. á árinu 2005 og rekstrar-útgjöld voru 31,4 m.kr. Að teknu tilliti til fjármunatekna var halli á árinu um 1,7 m.kr.

Ýmis verkefni Landverndar eru nú rekin því sem næst með jöfnuði en fé skortir til að efla almennan rekstur.

Við sölu á skrifstofu Landverndar að Skólavörðustíg 25 árið 2001 myndaðist sjóður að fjárhæð 12,8 m.kr. Þessi sjóður hefur ávaxtast vel og er nú um 17 m.kr. Í framtíðinni er ráðgert að þetta fé renni til kaupa á húsnæði fyrir starfseminna ef það þjónar hagsmunum samtakanna. Á aðalfundi 2000 voru 10 m.kr. settar til hliðar í sérstakan sjóð. Þessi sjóður er nú liðlega 12 m.kr., en árleg ávöxtun hefur að jafnaði verið 8,1%. Á aðalfundi 2003 var heimilað að veita árlega um 5% úr þessum sjóði til skilgreindra verkefna og var það gert í fyrsta sinn árið 2003.



### **Húsnæðismál – flutningar**

Á árinu flutti skrifstofa Landverndar af Ránargötu 18 í Skúlatún 6 í Reykjavík. Skógræktarfélag Íslands á húsnæðið með Landgræðslusjóði. Landvernd framleigir Fuglavernd skrifstofu-aðstöðu. Aðstaðan öll er hin ágætasta. Áætlaður kostnaður við flutningana nam tæplega 400 þús. krónum.

## Málafylgja

### **Ályktanir aðalfundar 2005**

#### **Þjósárver og heimsminjaskrá**

Fundurinn hvatti umhverfisráðherra til að kanna hvort forsendur geti verið fyrir því að skrá Þjósárver á Heimsminjaskrá Unesco og alþingismenn að gaumgæfa fyrirbyggjandi þingsályktunartillögur um stækkun friðlandsins og hraða afgreiðslu þeirra.

Íslensku heimsminjaskrárnefndinni hefur verið sent erindi vegna hugmynda um að skrá Þjósárver á heimsminjaskrá og stjórnin hefur tekið málið upp á fundum með umhverfisráðherra. Nýlega óskaði sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir því að málið yrði kannað. Í erindi til Alþingis voru þingmenn hvattir til að styðja framkomnar þingsályktunartillögur um að stækka friðlandið og umhverfisráðherra hefur lýst áhuga á að vinna að framgangi málsins.



Frá aðalfundi Landverndar 2005.

### **Vatnajökulsþjóðgarður og Langisjór**

Fundurinn fagnaði áformum ríkisstjórnarinnar um þjóðgarð norðan Vatnajökuls og friðun Jökulsár á Fjöllum og telur mikilvægt að grannt verði skoðað gildi þess að Langisjór og aðliggjandi svæði verði innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stjórn Landverndar hefur ítrekað þá afstöðu við umhverfisráðherra að Langisjór verði innan þjóðgarðsmarkanna og hefur í samstarfi við Ferðafélag Íslands skipulagt dagsferð að Langasjó sumarið 2006. Jafnframt er verið að undirbúa ljósmyndasýningu með myndum frá Langasjó.

### **Náttúruvernd í landnámi Ingólfs**

Aðalfundurinn fól stjórn samtakanna að hlutast til um að tekið yrði saman yfirlit um helstu náttúruminjar á höfuðborgarsvæðinu og innan landnáms Ingólfs, þær verði flokkaðar og bornar saman með hliðsjón af náttúruverndargildi þeirra á héraðsvísu, landsvísu og heimsvísu.

Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var sent bréf þar sem hugmyndir um skipulega vinnu vegna náttúruverndar á svæðinu voru kynntar. Þá hefur Landvernd unnið að því að móta stefnumarkandi yfirlýsingu vegna náttúruverndar, útivistar og orkuvinnslu á Reykjaneskaga.

### **Ferðamál**

Aðalfundur Landverndar fagnaði vandaðri ferðamálaáætlun til næstu 10 ára, einkum vegna þeirrar áherslu sem lögð er á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku og að stefna að því að Ísland verði í forystu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.

Fulltrúar stjórnar hafa átt fund með samgönguráðherra um málið og unnið hefur verið að verkefni sem miðar að því að efla umhverfismennt í ferðaþjónustu.

### **Hjólreiðar og stofnbrautir**

Aðalfundur Landverndar hvatti Alþingi til að beita sér fyrir því að hjólreiðar verði formlega viðurkenndar og fái sess sem fullgildur kostur í samgöngumálum.

Stjórnin hefur skrifað umsögn til Alþingis þar sem hún vottar stuðning sinn við tillögu um að gera stofnbrautir fyrir hjólreiðar að eðlilegum hluta vegakerfisins. Málið var jafnframt tekið upp á fundi með samgönguráðherra, en það hefur ekki náð fram að ganga.

### **Erfðabreyttar lífverur og matvæli**

Aðalfundur Landverndar ályktaði um að innleiða hér á landi reglur Evrópusambandsins sem gilda um merkingar á matvælum og fóðri úr erfðabreyttum lífverum. Jafnframt var hvatt til mikillar varfærni í tilraunum þar sem notaðar eru erfðabreyttar lífverur og ekki talið ráðlegt að þeim sé sleppt út í íslenskt umhverfi nema að fyrir liggi vísindaleg fullvissa um að það valdi ekki skaða í lífríki landsins.

Landvernd hefur tekið virkan þátt í samstarfi um upplýsingamiðlun um erfðabreyttar lífverur með sérstakri heimasíðu og opnum fundum þar sem erlendir sérfræðingar hafa komið á framfæri gagnrýnum upplýsingum um málið. Jafnframt hefur þetta efni verið tekið upp á fundum með umhverfisráðherra. Þá hafa stjórnarmenn átt fundi með forsvarsmönnum fyrirtækis sem vinnur að rannsóknum á þessu sviði.

### **Hálendisvegir**

Á aðalfundi var tillögu um hálendisvegi vísað til stjórnar og í framhaldi af því skipaði stjórnin vinnuhóp um málið sem skila mun skýrslu til aðalfundar 2006.

### **Skipulag á höfuðborgarsvæðinu**

Á aðalfundi var tillögu um skipulag á höfuðborgarsvæðinu og flugvöllinn vísað til stjórnar. Formaður Landverndar hefur átt fund með formanni skipulagsráðs Reykjavíkurborgar þar sem þessi mál hafa verið til umfjöllunar.

## Umsagnir vegna mats á umhverfisáhrifum

### Sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga

Í framhaldi af umsögn hefur stjórn Landverndar settið fund með fulltrúum Norðurlandsskóga.

### Vestfjarðarvegur - Bjarkarlundur - Eyri

Í úrskurði Skipulagsstofnunar var komið til móts við mörg sjónarmið Landverndar.

### Stækkun Hellisheiðarvirkjunar – mat á umhverfisáhrifum

#### Gjábakkavegur – mat á umhverfisáhrifum

Landvernd og fleiri aðilar kærðu fyrra mat og umhverfisráðherra úrskurðaði að matið skyldi endurtekið. Ný skýrsla var lögð fram og Landvernd gerði athugasemdir við hana. Úrskurður Skipulagsstofnunar liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

#### Stjórnsýslukæurur

Kæra vegna ákvörðunar Garðabæjar um breytingar á aðalskipulagi við Urriðaholt/Urriðavatn. Málinu var vísað frá vegna meints aðildarleysis Landverndar.

Fyrirspurn til félagsmálaráðuneytis vegna afgreiðslu aðalskipulags í Garðabæ. Félagsmálaráðuneytið taldi að stjórnsýslulög hefðu ekki verið brotin.

Kæra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar að virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði skuli ekki vera matskyld framkvæmd. Ráðherra tók ekki undir kröfu um matskyldu.



Landvernd færði Alþingismönnum sumargjöf, geisladisk með myndum Jóhanns Ísbergs af Þjórsárverum, í tilefni af sumardegnum fyrsta.

#### Þingmál

Á starfstímabilinu var veitt umsögn um eftirfarandi mál.

- Frumvarp til vatnalaga
- Frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál
- Þingsályktunartillögu um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um mat á umhverfisáhrifum
- Frumvarp til laga um umhverfismat áætlaða
- Þingsályktunartillaga um þjóðarblómið

#### Aðrar umsagnir og ábendingar

Stjórnin tók upp ýmis mál að frumkvæði skrifstofu og einstaklinga.

Umsögn um breytingar á aðal- og deiliskipulagi við Urriðaholt/Urriðavatn (maí 2006).

Athugasemdir vegna kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs (júní 2006).

Athugasemdir voru gerðar vegna háspennulínu við Reykjanesvirkjun. Eftir nokkurn málarekstur náðist samkomulag um legu línunnar og samstarf um framvindu málsins.

Stjórn Landverndar lagði fram tillögu að ákvæði í stjórnarskrá Íslands er varðar umhverfisrétt. Tillagan er svo hljóðandi:

*Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns og lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti.*

Tilmæli til sveitastjórna í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit vegna framkvæmda við Múlavirkjun.

Fundur var haldinn með formanni skipulagsráðs Reykjavíkur vegna aðalskipulags Reykjavíkur og áforma um viðtækar landfyllingar við Gufunes, Eiðvík og Geldingarnes.

Bréf var sent til bæjarstjórna á höfuðborgarsvæðinu þar sem tilgreindar eru tilteknar aðgerðir til að efla Reykjanesfólkvang.

Athugasemdir voru sendar til Sveitarfélags Ölfuss vegna malarnáms í Vífilfelli.

Athugasemdir til Mýrardalshrepps vegna áforma um veg um fjöruna og jarðgöng í gegnum Reynisfjall og meðfram Dyrhólaósi.

Tilmæli til menntamálaráðherra og fundur með starfsmönnum ráðuneytisins vegna endurskoðunar á aðalnámsskrá í þeim tilgangi að styrkja stöðu umhverfismenntar.

Fyrirspurn til umhverfisráðuneytisins vegna laga um mat á umhverfisáhrifum, sem ekki virðast vera í samræmi við Evróputilskipun hvað varðar bílastæði.

Bréf til iðnaðarráðherra vegna stóriðju, virkjana og rammaáætlunar.

Athugasemdir til umhverfisráðuneytisins vegna vinnu við verkefnið „Velferð til framtíðar, megináherslur 2006-2009“.

Fundur með bæjarstjóra Akureyrar vegna áforma um virkjanir, stóriðju og hálendisvegi. Fyrirspurn til landbúnaðarráðherra og Sveitarfélags Hornafjarðar vegna námunnar „Friðsæld“.

### ***Stefnumarkandi yfirlýsingar stjórnar***

Í apríl 2005 sendi stjórnin frá sér yfirlýsingu um að mengun frá rafskautaverksmiðju er óásættanleg. Þar segir m.a. að stjórn Landverndar harmi þá ákvörðun umhverfisráðuneytisins að fallast á úrskurð um mat á umhverfisáhrifum áformaðrar rafskautaverksmiðju á Katanesi í Hvalfirði og að rík ástæða sé til að koma í veg fyrir þá mengun sem fylgir starfsemi af þessu tagi. Það hljóti að vera eðlileg krafa að farið sé eftir gildandi viðmiðunarmörkun um mengun og ef þau eru ekki fyrir hendi þá jafngildi það því að starfsemi sé ekki heimil.

Í maí var send yfirlýsing þar sem lögð var áhersla á að Garðabær spilli ekki verðmætu vernduðu svæði við Urriðavatn.

Í júní 2005 sendi stjórnin frá sér yfirlýsingu undir fyrirsögninni „Góður undirbúningur er forsenda varanlegs ávinnings af stóriðju“. Þar segir m.a. að stjórn Landverndar telji afar brýnt að skoða vel allar hliðar þeirra hugmynda sem fram hafa komið áður en skapaðar eru væntingar um atvinnutækifæri og umsvif sem erfitt getur verið að uppfylla án þess að fórna náttúruverðmætum.

Í júlí var send út yfirlýsing þar sem þeirri niðurstöðu umhverfisráðherra var fagnað að nauðsynlegt sé að skoða betur möguleika til að bæta Gjábackaveg án þess að spilla mjög þeim miklu náttúruverðmætum sem svæðið býr yfir.

Í september sendi sjávarútvegsráðherra yfirlýsingu þar sem hvatt var til þess að tiltekin viðkvæm hafsvæði yrðu friðuð. Ráðherra hefur friðlýst nokkur svæði.

Í október stóð Landvernd að sameiginlegri yfirlýsingu undir fyrirsögninni „Vatn fyrir alla“. Í henni var m.a. fjallað um ákvæði í stjórnarskrá til að tryggja aðgengi allra að vatni.

Í janúar 2006 var lýst yfir mikilli ánægju með þá góðu samstöðu sem væri að myndast um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

## Hálendið og hálendisvegir



Óbyggt hálendi Íslands er gersemi. Töfrar þess hafa hrifið fjölda fólks fyrr og síðar, sem síðan hefur leitað þangað æ og aftur til að njóta þar yndis og ánægju. Það er þó ekki fyrr en á síðari helmingi 20. aldar, sem fólk hefur leitað þangað þeirra erinda í miklum mæli. Um þúsund ára skeið þar á undan fór fólk upp á hálendið nær einvörðungu til að sinna hefðbundnum hlunnindum (afréttir, veiði og grasatekja) eða ferðast milli landsfjórðunga. Þær ferðir lágu eftir föstum leiðum og voru stundum svo fjölmennar að fjórtán, átján eða tuttugu reiðgötur liggja um þær hlið við hlið eins og dæmi eru um á Kjalvegi. Hefðbundnar nytjar og ferðir þeirra vegna eru enn við lýði en upp úr miðri 20. öld hafa bæst við ferðir vegna þess sem kalla mætti nýttæknihlunnindi, þar sem einkum er um að ræða virkjun vatnsafls og jarðhita.

Eiginlegar ferðir til skemmtunar og skoðunar má segja að hafi hafist á 19. öld og voru þar útlendingar í fararbroddi. Einn þeirra allra fyrstu var skoski trúboðinn Ebenezer Henderson (1814-1815), en á síðari hluta 19. aldar fóru ferðir Íslendinga um öræfin líka að aukast, þó að þeir hafi stundum lagt lykkju á leið sína til að komast þangað. Þannig var talsvert um það að alþingismenn færu hálendisvegi á leið sinni til þings. Umferð fólks jókst svo þegar kom fram á 20. öldina, en þó einkum um og upp úr miðri öldinni þegar farið var að aka um hálendið. Stóraukning varð kringum 1980, en þá höfðu verið brúaðar nokkrar þær helstu ár sem höfðu verið til trafala á hálendisvegum. Nú eru jeppar og aðrir torfærubílar orðnir nánast almenningseign og umferð um hálendið að sama skapi mikil, reyndar svo að banna hefur orðið akstur utan vega.

Mörgum þeim sem ferðast um hálendið finnst lýti að vegum og öðrum mannvirkjum, því að þau spilla upplifuninni og myndinni af óbyggðinni, sem eftir er sóst. Fyrir þá nautn á óbyggðu hálendinu er því nauðsyn að halda vegum og öðrum mannvirkjum í lágmarki. Það fer oft og tíðum saman við sértæka náttúruvernd og almenna landslagsvernd. Hins vegar eru vegir til að greiða götu fólks og auðvelda þeir mun fleira fólki að fá að minnsta kosti nasasjón af óbyggðunum. Hér þarf að gæta tvennra sjónarmiða sem stangast á að mörgu leyti. Eins og alltaf er meðalhófið mátulegast, en um það er deilt hvar þetta meðalhóf sé.

Nýtendur nýttækniáðlinda, virkjunaraðilar, þurfa burðarsterka vegi fyrir tól sín og tæki. Bændur og veiðimenn þurfa enn nægilega góða vegi til að komast á hlunnindasvæði sín. Dagsferðatúristar úr byggð þurfa vegi sem skila þeim nógu fljótt fram og aftur að öræfaperlum hálendisins. Svo mætti lengja telja. En þessir vegir skerða óbyggðirnar (hér er ekki miðað við hina fáránlegu skilgreiningu á ósnortnu víðerni sem miðast við 5 km frá mannvirkjum) og þar með heildarsvip óbyggðanna. Þar getur þurft að hafa veglaus svæði sem göngufólk eitt og sér hefur aðgang að. Með því er vissulega verið að mismuna fólki, en við því verður ekki gert þar sem töfrar óbyggðanna geta farið forgörðum við áberandi vegalagningu. Lausn þessa vandamáls liggur líklega í því að afmarka svæði til tiltekinna nota og aðgöngu á hálendinu og flokka vegi sem liggja þangað, eða liggja þangað ekki, í samræmi við það. Hér er mikið verk að vinna, sem ekki þolir bið.

*Freysteinn Sigurðsson,  
varaformaður Landverndar 2005-2006*



## Sjö ár með Landvernd



Síðastliðin sjö ár hef ég gegnt starfi framkvæmdastjóra Landverndar. Þetta er ekki langur tími í jarðsögunni, en býsna drjúgur spölur á mínu æviskeiði. Þegar ég lít til baka blasa við fjölmörg mikilvæg, áhugaverð og skemmtileg verkefni þar sem Landvernd hefur verið mikilvægur gerandi.

Engin ein framkvæmd á Íslandi mun hafa jafn víðtæk og neikvæð umhverfisáhrif og Kárahnjúkavirkjun. Tilraunir Landverndar og fjölmargra annarra aðila til að koma í veg fyrir hana gengu ekki eftir. En með hjálp færustu vísindamanna tókst Landvernd að varpa ljósi á marga veikleika í þeim áformum og niðurstaða Skipulagsstofnunar var í góðu samræmi við athugasemdir Landverndar. En stjórnvöld vildu ekki lúta faglegum rökum og því fór sem fór. Nokkur mikilvæg samtök sögðu sig úr Landvernd og virtust með því ætla að veikja Landvernd fjárhagslega og siðferðislega. Það tókst ekki. Landvernd var trúverðug í málflutningi sínum og uppskar traust almennings og með víðtækum aðgerðum tókst að bjarga fjármálunum.

Barátta Landverndar vegna Þjórsárvera hefur staðið frá árinu 1972. Núverandi lota hófst árið 2002 og virðist vera að ljúka þessi misserin með áformum um að stækka friðlandið. Enn eru margir lausir endar, en það er óhætt að vera vongóður. Takist að verja Þjórsárver gegn ásælni orkufyrirtækja er það án efa einn af merkari áföngum í baráttu fyrir náttúruvernd á Íslandi. Landvernd hefur átt umtalsverðan þátt í því hvernig málin hafa þróast.

Vatnasjökulspjóðgarður er að þróast frá hugmynd til veruleika. Sífellt fleiri komast á þá skoðun að þessi væntanlegi stærsti þjóðgarður Evrópu geti orðið til mikillar gæfu fyrir þjóðina. Þó að hugmyndin um Vatnajökulspjóðgarð hafi ekki fæðst hjá Landvernd hafa samtökin verið mikilvirk í því að móta hugmyndina og afla henni fylgis. Það starf hófst með ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri í september 2000.

Fræðsla í umhverfismálum er ekki átak heldur starf sem sinna þarf með skipulögðum hætti til langs tíma. Fræðslusetrið í Alviðru hefur náð að skjóta traustum rótum og Vistvernd í verki, Skólar á grænni grein og Bláfáninn eru að verða einar traustustu stoðirnar í skipulagðri umhverfisfræðslu á Íslandi.

Það hefur verið gefandi og ánægjulegt að starfa sem framkvæmdastjóri Landverndar. Ég þakka starfsfólki, stjórnarmönnum og félögum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óska samtökunum heilla í framtíðinni.

*Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar 1999-2006*

## Alþjóðamál

### **Norrænt samstarf**

Árlegur samráðsfundur norrænna umhverfisverndarsamtaka var haldinn á Grænlandi í ágúst 2005. Formaður Landverndar sótti fundinn. Næsti samráðsfundur verður haldinn í Færeyjum í lok júlí 2006.

### **Foundation for Environmental Education (FEE)**

Aðildarfélögum FEE fjölga stöðugt og verkefni á borð við Bláfánann og Grænfánann eru sífelld tekin upp í fleiri löndum. Landvernd sótti aðalfund FEE sem haldinn var í Antwerpen í júní 2005.

### **Sameinuðu þjóðirnar**

Landvernd á áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum („affiliate NGO“) og samtökin hafa haldið tengslum við Sameinuðu þjóðirnar með ýmsum hætti, s.s. með miðlun fréttanna af umhverfismálum og þátttöku í verkefnum á vegum S.þ. eins og Ári fjalla 2002 og leiðtogafundinum í Jóhannesborg í ágúst 2002.

### **Forbundet Nordisk Vuxenupplýsning (FNV)**

Á árinu 2002 gerðist Landvernd aðili að Fræðslusambandinu Símennt. Aðrir aðilar að Símennt eru Bændasamtök Íslands og Kvenfélagasamband Íslands. Fræðslusambandið Símennt hefur verið aðili að FNV, Forbundet Nordisk Vuxenupplýsning, sem eru norræn regnhlífarsamtök á sviði fullorðinsfræðslu. Þar sem breytingar urðu á fjárhagslegum forsendum FNV var ákveðið að segja sig úr FNV og leggja Símennt niður.

### **GAP-international**

Landvernd á aðild að alþjóðlegu neti aðila sem vinna að framgangi verkefnisins Vistverndar í verki (Global Action Plan). Þóra Bryndís Þórisdóttir annast þessi samskipti.

### **IUCN – World Conservation Union**

Landvernd gerðist aðili að Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum (IUCN) árið 2004. Á starfsárinu voru lítil samskipti við IUCN, en starfsárið þar á undan höfðu samskiptin verið nokkur vegna heimsráðstefnu IUCN og afskipta IUCN af Þjórsárveramálinu.



Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, ásamt fleirum í skoðunarferð sem boðið var uppá í tengslum við árlegan samráðsfund norrænna umhverfisverndarsamtaka sem haldinn var á Grænlandi.



## **Alviðra fræðslusetur**

Jarðirnar Alviðra í Ölfusi og Öndverðarnes II í Grímsnes- og Grafningshreppi eru sameign Landverndar og Árnassýslu. Þar er fræðslusetur Landverndar. Hjördís B. Ásgeirsdóttir er forstöðumaður Alviðru.

Tvær nefndir sinna málefnum Alviðru. Stjórn Alviðrufélags og fræðslunefnd. Stjórn Alviðrufélags er skipuð af Landvernd og Héraðsnefnd Árnassýslu. Þessi stjórn fer með málefni sem tengjast eignarhaldi. Í henni eiga sæti Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, Jón Loftsson, skógræktarstjóri og Guðjón Ægir Sigurjónsson, lögmaður, sem er fulltrúi héraðsnefndar Árnassýslu. Framkvæmdastjóri Landverndar hefur umsjón með starfi stjórnar. Fræðslunefnd Alviðru skipuðu á síðasta ári Þórður Halldórsson, garðyrkjubóndi, formaður, Björn Jónsson, formaður UMFÍ, Guðjón Magnússon, Landgræðslunni, María Sigrún Gunnarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar.



*Krakkar að leik í náttúrunni í Alviðru.*

### **Fræðslustarf í Alviðru**

Grunnskólum gefst nú kostur á að koma með nemendur sína í umhverfisfræðslu nánast allt skólaárið. Fjórar mismunandi dagskrár eru í boði fyrir grunnskólanema, eftir árstíma. Að vori er það dagskrá sem nefnd er „Til móts við vorið“, þar sem vorkoman og fuglarnir eru í forgrunni. Að hausti „Náttúran í haustskrúða“ þar sem plönturnar eru skoðaðar og skilgreindar. Á jólaföstu er dagskrá með þjóðlegu ívafi sem ber heitið „Bráðum koma jólin“. Á vetrarmánuðum er vatnalífið skoðað í dagskrá sem nefnd er „Lífið í vatninu“. Í leiðsögn í Alviðru er jafnframt leitast við að flétta inn fróðleik um land og sögu.

Gestadagar grunnskólanema í Alviðru árið 2005 voru um 2.400 og fer aðsókn vaxandi. Þrír leikskólar heimsóttu Alviðru á árinu 2005.

Sumardagskrá fyrir almenning var í júní: fræðsla Guðmundar Halldórssonar um skordýr og opinn veiðidagur í Soginu í samvinnu við SVFR. Alls sóttu 50-60 manns sumardagskrá.

### **Land og húsakostur**

Helstu framkvæmdir voru þær að skipt var um sólpall við veiðihúsið og gamlar og ónýtar girðingar voru fjarlægðar í Öndverðarnesi II.

Girðing Vegagerðarinnar sem komið var upp haustið 2004 þvert yfir Ingólfsfjall skilaði þeim árangri að mjög lítið bar á sauðfé í landi Alviðru og er það mikil breyting frá fyrri árum.

Símanum var leigt 5 fm. rými í fjósi til 10 ára. Þar hafa verið sett upp tæki til að bæta GSM samband á nærliggjandi svæði og loftnet var sett upp á mæni á hlöðunni.

### **Vigdísarrjóður**

Í tilefni af 75 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, verndara Landverndar, var 75 björkum plantað í rjóður í landi Alviðru norðan við bæinn. Vigdís heimsótti Alviðru 9. júní þegar rjóðrið var opnað.

### **Veði**

Samningur við Stangaveiðifélag Reykjavíkur og Stangaveiðifélag Selfoss var endurnýjaður á árinu. Veiðihús var leigt út utan veiðitíma.



*Vigdís Finnbogadóttir ásamt Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur, fyrrum formanni Landverndar og Hjördísi B. Ásgeirsdóttur, staðarhaldara í Alviðru við skiltið sem sett var upp í Vigdísarrjóðri.*



## Vistvernd í verki

Vistvernd í verki (Global Action Plan for the Earth – GAP) er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir heimili og er Ísland í hópi 19 landa sem vinna að verkefninu. Markmið Vistverndar í verki er að efla vitund fólks um vistvænan lífsstíl og styðja það og hvetja til að lifa æ sjálfbærara lífi.

Unnið hefur verið að verkefninu í 6 ár. Á síðasta ári bættust 6 sveitarfélög við þau sem fyrir voru og taka eftirtalin 17 sveitarfélög þátt í verkefninu nú: Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bláskógabyggð, Vatnsleysustrandarhreppur, Dalvíkurbyggð, Akureyri, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær og Fljótisdalshérað.

Í þessum sveitarfélögum hafa alls verið starfræktir 14 vishópar í vetur sem er svipað og undanfarin ár. Frá upphafi hafa 107 hópar verið þátttakendur eða samtals um 620 heimili. Leiðbeinendanámskeið var haldið haustið 2005, með 9 þátttakendum. Haldinn var fundur fyrir leiðbeinendur og staðbundna stjórnendur 10. febrúar, en þar hélt Hrönn Bjargar Harðardóttir, ökukennari, bóklegan hluta vistakstursnámskeiðs fyrir fundargesti. Fundur með staðbundnum stjórnendum var haldinn í Reykholti 4. mars í tengslum við 9. landsráðstefnuna um staðardagskrá 21. Virkir leiðbeinendur eru um 35 og vinna þeir störf sín við að leiðbeina hverjum vishópi í sjálfböðavinnu.

### **Kynning**

Kynningarbás verkefnisins hefur verið mikið notaður í vetur. Á kynningarbásnum er hægt að skrá sig á póstlista Vistverndar í verki og sækja um þátttöku í vishópi. Einnig er þar hægt að fá kynningarefni um verkefnið frá styrktaraðilum verkefnisins. Kynningarbásinn var settur upp í tvo mánuði í Borgarbókasafni Tryggvagötu, haustið 2005, í Bókasafni Garðabæjar í einn mánuð í febrúar 2006, Laugardalslaug í mars og fram í apríl og á sýningunni Sumarið 2006 í Laugardalshöll, 21. – 23. apríl.

Sýningarstandur verkefnisins (farandsýning) er listasmíð með sjónrænum fróðleik og ábendingum um vistvænan lífsstíl. Sýningunni fylgir getraun og á hverjum stað eru dregnir út þrjú vinningar. Sýningin var sett upp í einn mánuð í Salasundlaug í Kópavogi, vorið 2005 og í Stóru Vogaskóla í Vogum á Vatnsleysuströnd, haustið 2005. Þar stóð hann í eina viku og var nýttur til umhverfisfræðslu fyrir nemendur. Þá stóð sýningin í Ráðhúsi Reykjavíkur í einn mánuð fyrir jól. Eftir áramót var hún í tvo mánuði á Bókasafni Seltjarnarness, einn mánuð á Bókasafni Laugarvatns og í þrjú daga á sýningunni Sumarið 2006 í Laugardalshöll, 21.-23. apríl þar sem komu um 30 þús. gestir.

Verkefnið var kynnt á Umhverfisþingi umhverfisráðuneytisins í nóvember 2005, á starfsmannafundi Rauða Kross Íslands í janúar 2006 og á fundi Soroptimistaklúbbs Árbæjar í apríl 2006.

### **Verkefnistjórn**

Verkefnisstjórn skipa Jón Jóel Einarsson, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, Tryggvi Felixson frá Landvernd, Stefán Gíslason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ragna I. Halldórsdóttir frá SORPU og Danfríður K. Skarphéðinsdóttir frá umhverfisráðuneyti. Verkefnisstjóri er Þóra Bryndís Þórisdóttir sem er í hálfu starfi. Verkefnisstjórn heldur fundi tvisvar á ári.





Nú eru 67 skólar í verkefninu Skólar á grænni grein. Leikskólarnir eru 23, eða næstum 10. hver leikskóli landsins, og grunnskólarnir 42, eða næstum fjórðungur grunnskóla. Í verkefninu er einnig einn framhaldsskóli, Fjölbautaskólinn við Ármúla, og einn háskóli, Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri. Af þessum skólum hafa 26 fengið fána og útlit er fyrir að 8 skólar bætist við áður en skólaárinu lýkur í vor. Hver skóli sem er þátttakandi greiðir 60 kr. fyrir hvern nemanda á ári.



Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra færir börnunum í leikskólanum Andabæ á Hvanneyri Grænfánann.

### **Fundir með skólum og kynningar**

Mikilvægt er að hitta fulltrúa skólanna og ekki síður að þeir hitti hver annan til að bera saman bækur sínar og fá stuðning hver frá öðrum. Ársfundir verkefnisins þetta árið var skipt upp og honum dreift um landið. Verkefnisstjóri og Ingibjörg Ólafsdóttir funduðu með fulltrúum þáttökuskóla á Austurlandi í september. Óskað var eftir kynningarfundum um verkefnið á fundum með öllum skólastjórum í Þingeyjarsýslum á Þórshöfn í október. Verkefnisstjóri notaði ferðina norður og fundaði með fulltrúum skóla af Eyjafjarðar-svæðinu á Akureyri. Verkefnisstjóri og framkvæmdastóri Landverndar boðuðu svo til fundar skóla á Vesturlandi í Borgarnesi í nóvember. Loks var svo fundur fulltrúa þáttökuskóla á Suðvestur og Suðurlandi í Laugardalnum í Reykjavík í mars. Á þessum fundum hafa verið samanlagt rúmlega hundrað þátttakendur. Á þeim hefur verið framsaga um ákveðin svið umhverfismála og síðan umræður og þá gjarnan í hópum. Auk verkefnisstjóra hafa frummælendur á þessum fundum verið: Ragnhildur H. Jónsdóttir frá Environice í Borgarnesi og í Reykjavík Gunnar Hersveinn frá Umhverfissviði Reykjavíkur og Gígja Gunnarsdóttir frá Lýðheilsustöð.

Við og við er óskað eftir kynningum á verkefninu í skólum og á ráðstefnum og fundum. Þannig var verkefnið kynnt sérstaklega á Umhverfispingi í haust. Einnig var það kynnt á ráðstefnu um náttúrufræðikennslu í Kennaraháskólanum um mánaðamótin mars-apríl. Fyrir þá ráðstefnu var útbúið fjölnota kynningarvegspjald um verkefnið.

### **Alþjóðastarfið**

Árlegum fundum verkefnisstjóra um Grænfána, sem venjulega er á haustin, var frestað haustið 2004 og haldinn í Madrid dagana 21.-24. apríl 2005 og sótti verkefnisstjóri hann. Næsti fundur er áætlaður í Portúgal í nóvember 2006. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði alþjóðaskrifstofunnar og bæði framkvæmdastjóri og ritari til marga ára hafa hætt störfum og nýir tekið við.

### **Stýrihópur verkefnisins**

Í stýrihópi um Skóla á grænni grein eru Anna Borg Harðardóttir, leikskólastjóri, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Hafdís Ragnarsdóttir, umhverfisfræðingur og kennari, Ingibjörg Ólafsdóttir frá umhverfisráðuneyti, Heiðrún Guðmundsdóttir frá stjórn Landverndar og Tryggvi Jakobsson, útgáfustjóri Námsgagnastofnunar auk Sigrúnar Helgadóttur, verkefnisstjóra verkefnisins og Tryggva Felixsonar, framkvæmdastjóra Landverndar.

### **COPE – færni**

Á árinu hófst þátttaka Landverndar í norrænu, baltnesku skólaverkefni sem unnið er fyrir tilstuðlan Norrænu ráðherranefndarinnar. Yfirskrift verkefnisins er: Börn eiga rétt á heilbrigðu líferni, fjölbreyttri náttúru, hreinu umhverfi og rými til útiveru. Þar sem heitið er frekar óþjált í munni hefur það verið stytta í COPE á alþjóðamálinu ensku sem stendur fyrir Children, Outdoor, Participation, Environment. Saman gefa þessi orð vísbendingar um það sem verkefnið gengur út á, þ.e. að auka færni barna í að skoða umhverfi sitt og meta hversu vel það er fallið til heilbrigðrar útiveru. Verkefnið á einnig að kenna börnum hvernig hægt er, á lýðræðislegan hátt, að hafa áhrif á mótun umhverfis síns sjálfum sér og öðrum til heilla.

## **Þátttakendur**

Óskað var eftir að fimm skólar í hverju landi, Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum og St. Pétursborg, tækju þátt í verkefninu, alls 45 skólar. Þeir aðilar sem halda utan um verkefnið Skólar á grænni grein – Grænfáninn í löndunum voru beðnir um að finna skólana og stýra verkefninu hver í sínu landi og vera tengiliðir við stjórn verkefnisins, en hún er í höndum Dana. Á hverjum stað er gert ráð fyrir að skólarnir tengist skipulagsyfirvöldum sem veiti þeim aðstoð á meðan á verkefninu stendur, hlusti á krakkana þegar þeir koma með sínar niðurstöður, svari þeim og taki tillit til þeirra eins og hægt er. Verkefnið hefur sameiginlega heimasíðu þar sem sett verða inn verkefni og hugmyndir: <http://copeproject.dk>

## **FÆRNI á Íslandi**

Landvernd leitaði samstarfs um þetta verkefni við Lýðheilsustöð og skipulagsyfirvöld í Kópavogi og Reykjavík og voru allir mjög áhugasamir og tilbúnir til samstarfs. Þeir 5 skólar sem taka þátt í verkefninu hérlendis eru: Foldaskóli, Fossvogsskóli, Norðlingaskóli, Selásskóli og Snælandsskóli.



## **Bláfáninn**

Bláfáninn er annað verkefni Foundation for Environmental Education (FEE) sem Landvernd vinnur að, Bláfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um góða umhverfisstjórnun í smábátahöfnum og á baðströndum. Árlega fá um 3000 baðstrendur og smábátahafnir heimild til að draga Bláfánann að húni.



*Vistvernd í verki efndi til hjólastrar í samvinnu við Landssamtök hjólaframfaranna í tilefni af alþjóðlegum umhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna, 5. júní 2005. Við það tækifæri var hjólað með Bláfánann frá Hafnarbakkannum í miðbæ Reykjavíkur að Ylströndinni í Nauthólsvík þar sem hann var afhentur. Á myndinni halda Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra og Stefán Jón Hafstein forseti borgarstjórnar Bláfánans á milli sín en Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar fylgist með.*

hafa siglt undir Bláfánaveifu frá 2004 og nú hafa eigendur tveggja hvalaskoðunarfyrirtækja sýnt áhuga á að sigla með Bláfánaveifuna og munu þar með setja sér umhverfisstefnu og vinna að framgangi þeirra hugmynda sem Bláfáninn byggir á.

## **Náttúruskóli Reykjavíkur**

Í september 2005 tók „Náttúruskóli Reykjavíkur“ til starfa á vettvangi Umhverfissviðs Reykjavíkur. Landvernd og Skógræktarfélag Reykjavíkur áttu frumkvæðið að því að þessi starfsemi komst á laggirnar. Hlutverk skólans er að efla útikennslu grunnskóla og leikskóla í Reykjavík og stuðla að meiri þekkingu á umhverfi og náttúru. Landvernd á fulltrúa í stýrihópi skólans.

Landvernd vinnur að framkvæmd Bláfánans í samstarfi við Fiskifélag Íslands, Félag umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa, Hafnasambandið, Umhverfisstofnun, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Samtök ferðapjónustunnar og í byrjun árs 2006 var skipaður fulltrúi fyrir hönd Siglingasambands Íslands. Allir þessir aðilar hafa skipað fulltrúa í stýrihóp fyrir verkefnið og er hann mannaður þeim Brynju Jóhannsdóttur, Herði Sigurbjarnasyni, Halli Árnasyni, Ingibjörgu E. Björnsdóttur, Jóni Skildi Karlssyni, Sigrúnu A. Þorsteinsdóttur, Tore Skjenstad og fyrir hönd Siglingasambands Íslands situr þar Jóhannes Valdimarsson.

Undirbúningur Bláfánaverkefnisins hér á landi hófst haustið 2000 og á árinu 2005 fékkst heimild til að veita fjórum stöðum Bláfána: Ylströndinni í Nauthólsvík, Bláa lóninu, Borgarfirði eystra og Stykkishólmi. Fimm staðir sóttu um Bláfánann 2006 og niðurstaða umsókna munu fljótlega liggja fyrir. Hvalaskoðunarskip Norður-Siglingar á Húsavík

## Sérstök verkefni

### **Loftslagsverkefni Landverndar**

Loftslagsverkefni Landverndar lauk seint árið 2005 og hafði þá staðið yfir í tvö ár. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar í fjölmiðlum og á sérstakri málstofu sem fram fór í Norræna húsinu 13. október 2005. Í framhaldi af því hefur Landvernd einnig reynt að koma niðurstöðum á framfæri við ýmsa opinbera aðila sem málið varða.

Forsaga verkefnisins er sú að Aðalfundur Landverndar árið 2003 beindi því til stjórnar Landverndar að setja á stofn vinnuhóp sem yrði falið að koma með hugmyndir um hvernig hægt væri að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Stjórn Landverndar skipaði tíu manna hóp sem vann að því haustið 2003 að skilgreina verkefni sem gengur undir heitinu „Loftslagsverkefni Landverndar“.

Í byrjun árs 2004 var Auður H Ingólfssdóttir ráðin verkefnisstjóri loftslagsverkefnisins og vann að því ásamt framkvæmdastjóra. Fyrri hluti verkefnisins fólst í því að safna saman upplýsingum um stöðu mála og koma með fyrstu hugmyndir að hugsanlegum aðgerðum. Alls voru fimm samantektir unnar í þessum fyrri hluta, fjórar af námsmönnum en verkefnastjóri var höfundur einnar samantektarinnar. Þessar samantektir voru kynntar á málstofu sem Landvernd stóð fyrir þann 8. október 2004.

Í síðari hluta verkefnisins var unnið áfram með þær upplýsingar sem safnað hafði verið í fyrri hlutanum og reynt að meta hversu mikið væri hægt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með markvissum aðgerðum í sjávarútvegi, samgöngum, landgræðslu og skógrækt. Þórhallur Ásbjörnsson, hagfræðingur, vann með verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra að þessum hluta. Hann samdi m.a. greinargerðir þar sem reynt var að meta framtíðarþróun í losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaflota landsmanna og frá fiskveiðiskipum eftir því til hvaða aðgerða yrði gripið. Þá ritaði verkefnisstjóri greinargerðir um kostnað vegna kolefnisbindingar og möguleika til að draga úr losun frá landbúnaði. Niðurstaða Loftslagsverkefnisins var m.a. sú að með markvissum aðgerðum gæti losun gróðurhúsalofttegunda orðið allt að 20% lægri árið 2030 en ef þróun yrði áfram á sömu forsendum og áður. Til að ná verulegum árangri þyrfti þó róttækari breytingar en hægt er að ná fram með almennum stjórnarvaldsaðgerðum.

### **Hálendisvegir**

Á undanförunum aðalfundum Landverndar hefur verið fjallað um vegi á hálendi Íslands. Skiptar skoðanir hafa verið um málið og lýst hefur verið eftir skýrari stefnu samtakanna í þessum málum. Nýlega framkomnar hugmyndir um uppbyggðan háfjallavegi kalla einnig á umfjöllun og stefnumörkun. Til að undirbúa frekari umræður um málið samþykkti stjórn Landverndar að skipa vinnuhóp í þeim tilgangi að taka saman lýsingu á núverandi ástandi, greina stefnu stjórnvalda um vegagerð á hálendinu, taka saman yfirlit yfir ólíkar hugmyndir um hálendisvegi og forsendur þeirra, greina helstu áhrif vegagerða á náttúru- og víðerni hálendisins og gera tillögu að stefnu Landverndar. Hópurinn hefur haldið nokkra fundi og eina opna málstofu. Skýrsla hópsins verður lögð fram á aðalfundi Landverndar 2006.



*Jeppar á hálendinu.  
Mynd: Skúli H. Skúlason*

Hálendisvegahóp Landverndar skipa Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt, Þorleifur Þór Jónsson, hagfræðingur, Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, Anna Dóra Sæþórsdóttir, landfræðingur, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, grasfræðingur, Birgir Jónsson, jarðvegsverkfræðingur, Hjörleifur Finnsson, fararstjóri, Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur, Þórður Halldórsson, bóndi, Þórhallur Þorsteinsson, Ferðafélagi Íslands, Skúli H. Skúlason, Ferðaklúbbinum 4x4 og Snorri Sigurjónsson, lögreglumáður.

### **Hálendisverkefni**

Samhliða hálendisvegaverkefni Landverndar er unnið að undirbúningi að víðtæku „hálendisverkefni“ sem hefur þann tilgang að móta framtíðarsýn um hálendi Íslands þar sem lögð verður áhersla á náttúruvernd og útivist. Verkefnið hefur verið skilgreint og drög að verkáætlun liggur fyrir. Áætlaður kostnaður er 5-7 m.kr. og nú þegar hefur verið aflað styrkja að fjárhæð 1,7 m.kr. Áformað er að hefja vinnu við verkefnið síðar á þessu ári.

## **ÍslandsGátt**

Að mati stjórnar Landverndar er umhverfismennt leið til að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu. Samgöngu- og umhverfissráðuneytið veittu samtökunum styrk til fyrra hluta verkefnisins til að þróa hugmyndir um hvernig mætti efla umhverfismennt. Jón Jól Einarsson hefur unnið verkefnið sem gengur undir heitinu ÍslandsGátt.

### **ÍslandsGátt er:**

- Leið til að ná markmiðum stjórnvalda um að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Sameiginlegt anddyri ferðamanna að íslenskri náttúru.
- Vettvangur þar sem hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu koma sér saman um það sem á helst erindi við ferðamenn.
- Sameiginlegt þjónustuborð og upplýsingaveita ferðaþjónustuaðila sem uppfylla lágmarkskröfur um sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Vart er hægt að hugsa sér betri og áhugaverðari aðstöðu fyrir gátt umhverfismenntar á Íslandi en Perluna í Öskjuhlíð. Hún yrði glæsileg gestastofa með náttúru Íslands og Norðurskautsins í öndvegi.

Skýrsla liggur nú fyrir og í undirbúningi er stutt málþing, þar sem ætlunin er að kynna hugmyndirnar og afla þeim stuðnings sem og undirbúa seinni lotu verkefnisins sem er að „leiða í ljós viðskiptatækifæri sem geta búið í sameiginlegri móttöku (ÍslandsGátt) þar sem íslensk náttúra er í öndvegi“.

### **Kolviður**

Um nokkurt skeið hafa Skógræktarfélag Íslands og Landvernd unnið að stofnun sjóðs sem hefur þann megin tilgang að auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Þannig má bæta kolefnisjafnvægi Jarðarinnar. Víða erlendis hafa áþekkir sjóðir verið stofnaðir.

Að þessum markmiðum mun sjóðurinn vinna með því að veita fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus, fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt og stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs. Jafnframt mun sjóðurinn stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.

Kolviður, eins og sjóðurinn hefur verið nefndur, mun geta auðveldað Íslandi að standa við alþjóðlegar skuldbindingar um losun gróðurhúsalofttegunda, en ætla má að sífellt verði gerðar meiri kröfur um takmarkanir á losun þegar fram líða stundir.

Í ársbyrjun veitti ríkisstjórn Íslands stuðning til að undirbúa stofnun sjóðsins og vinnuhópur Landverndar og Skógræktarfélagsins hefur unnið að málinu og stefnt er að því að sjóðurinn verði að veruleika um mitt árið.



## Þjórsárver eru þjóðargersemi

### **Viðtæk samstaða er nú um verndun Þjórsárvera.**

Allt frá árinu 1972 hefur Landvernd bent á neikvæð áhrif hugsanlegra virkjunarframkvæmda við Þjórsárver. Frá því að Landsvirkjun lagði fram skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu á árinu 2002 hefur Landvernd tekið afar virkan þátt í umfjöllun um þetta svæði. Þetta starf er farið að bera árangur og að undanförnun hefur samstaðan um verndun Þjórsárvera farið vaxandi.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í janúar s.l. að Reykjavíkurborg, sem eigandi 45% af Landsvirkjun, sætti sig ekki við áform um Norðlingaölduveitu. Jafnframt bærust þau tíðindi að á Alþingi sé meirihluti fyrir því að samþykkja ályktun þar sem mælt yrði fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum þannig að það næði betur til þeirra verðmæta sem svæðið býr yfir. Umhverfisráðherra hefur einnig tekið jákvætt undir hugmyndir um að friðlandið verði stækkað og forsætisráðherra segir að Norðlingaölduveita sé ekki aðkallandi verkefni. Forsvarsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa lýst sig reiðubúna til að ræða stækkun friðlandsins við umhverfisráðherra og Landsvirkjun hefur lagt til hliðar áform um Norðlingaölduveitu.



*Frá ferð Landverndar og Ferðafélags Íslands í Þjórsárver í ágúst 2005. Hluti hópsins sést fara hér yfir þúfuverskvísl en alls fóru um 230 manns í ferðina.*

Allt eru þetta jákvæð tíðindi fyrir einstaklinga og samtök sem um langt skeið hafa mælt fyrir stækkun friðlandsins og unnið gegn áformum um að þar yrðu reist virkjunarmannvirki. Þetta eru líka jákvæð tíðindi fyrir málstað náttúruverndar þar sem sýnt hefur verið fram á með haldgóðum rökum að Þjórsárver búa yfir verðmætum sem hafa mikið gildi bæði á landsvísu og alþjóðlega. Þessi málflutningur hefur hægt og bítandi leitt til þess að fleiri og fleiri telja að Norðlingaölduveita komi ekki til greina og að stækkun friðlandsins eigi að hafa forgang.

Ennþá er verk að vinna. Nota þarf næstu misserin til að ljúka þessu máli og festa vel í sessi verndun svæðisins til langrar framtíðar. Í fyrsta lagi þarf að afnema heimildarákvæði Alþingis fyrir Norðlingaölduveitu. Í öðru lagi þarf að gera nauðsynlegar breytingar á svæðisskipulagi miðhálandisins og aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Ásahrepps. Í þriðja lagi þurfa umhverfisráðherra og viðkomandi sveitarfélög að ljúka umræðum um mögulega stækkun friðlandsins. Í fjórða lagi þarf að ljúka málflutningi fyrir dómstólum sem hefur það markmið að ógilda úrskurð Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra frá því í janúar 2003.

Þegar friðlandið hefur verið stækkað þarf að sinna því. Núverandi friðlandi hefur lítið sem ekkert verið sinnt fram til þessa og víða hefur því verið spillt með ógætilegum akstri og hestaferðum. Þjórsárver eru afar viðkvæmt svæði.

- Merkja þarf skilmerkilega inngönguleiðirnar í friðlandið, setja skýrar reglur um umferð þar og kynna þær vel.
- Þá þarf að skipa svæðinu umsjónarmann sem sér til þess að reglunum verði fylgt eftir og veitir ferðamönnum leiðbeiningar.
- Í Árnasi þyrfti að koma upp fræðslustofu um Þjórsárver fyrir ferðamenn. Þar mætti nýta þær fjölmörgu rannsóknir og kort sem Landsvirkjun hefur látið gera af svæðinu. Það væri stórmannlegt framlag til þessara málaloka að Landsvirkjun veitti stuðning við að koma upp gestastofu fyrir svæðið.
- Og síðast en ekki síst þarf að kanna hvort og hvernig megi koma Þjórsárverum á heimsminjaskrá Unesco.

*Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar 1999-2006*

## Útgáfa

Ársskýrsla 2004 -2005 var gefin út fyrir aðalfund Landverndar þann 23. apríl 2005.

Þrjú hefti af Kríunni voru gefin út á starfsárinu. Auk þess voru reglulega send út fréttabréf með netpósti og fréttir færðar inn á heimasíðu. Ritstjóri 1.tbl. Kríunnar þetta starfsár var Svavar Knútur Kristinsson en síðar tók Auður H Ingólfssdóttir við ritstjórninni.

Bæklingur um Bláfánann var gefinn út ásamt sambærilegu veggspjaldi sem Bláfánastaðir geta fest á upplýsingaskilti.

Tölvudiskur með upplýsingum og leiðbeiningum fyrir skóla um Grænfánann. Tölvudiskurinn var sendur í alla grunnskóla landsins.

Skýrslur um einstök verkefni, eins og t.d. loftslagsverkefnið, voru gefnar út á vefnum.

## Opnir fundir og málstofur



Gestir á ráðstefnu um þjóðgarða, útivist og heilsu hlusta á með athygli á erindi sem flutt voru á ráðstefnunni. Mynd Karolin Lovén

### **Ráðstefna um þjóðgarða, útivist og heilsu**

Þann 5.-7. maí 2005 var haldin ráðstefnan „ National Parks, Outdoor Life and Health“ á Hótel Skaftafelli. Ráðstefnan var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Umhverfisráðuneytisins en Landvernd sá um framkvæmd hennar. Ráðstefnuna sóttu rúmlega 100 gestir frá öllum Norðurlöndunum, að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum, auk Eystrasaltsríkjanna, Litháen og Lettlandi. Einnig komu gestir frá Skotlandi og Kanada.

Ráðstefnan hófst með ávarpi umhverfisráðherra, en síðan tóku við fyrirlestar þar sem fjallað var um náttúruvernd út frá

mismunandi sjónarhóli. Síðar voru kynnt einstök dæmi frá mismunandi löndum. Frú Vigdís Finnbogadóttir og Jack D. Ives voru með fróðleg erindi í sérstakri kvölddagskrá. Ráðstefnugestir tóku einnig þátt í umræðuhópum þar sem tekin voru fyrir ákveðin málefni. Hóparnir kynntu niðurstöður sínar í lok ráðstefnu. Skýrsla um ráðstefnuna var gefin út af Norrænu ráðherranefndinni í byrjun árs 2006.

### **Þjórsárver eru þjóðargersemi**

Fundur í Norræna húsinu í Reykjavík laugardag 7. janúar 2006 í samstarfi við fjölmörg félög. Færri komust að en vildu.

### **Vatn fyrir alla**

Ráðstefnan Vatn fyrir alla í samstarfi við fjölmarga aðila. 29. október 2005. Um 100 manns tóku þátt í ráðstefnunni og mikið var um hana fjallað í fjölmiðlum.

### **Að yrkja (um) landið**

Landvernd í samstarfi við Landgræðsluna, Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins stóðu að málstofu á ráðstefnunni „Dialogue of Cultures“ 14.-15. apríl 2005, sem haldin var í tilefni af 75 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur.

### **Umhverfisþing 2005**

Landvernd tók virkan þátt í umhverfisþingi sem haldið var 18.-19. nóvember 2005. Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, flutti erindi sem fulltrúi frjálsra félagasamtaka. Erindi fluttu einnig Bryndís Þórisdóttir, Sigrún Helgadóttir og Tryggvi Felixson. Veggspjöld um loftslagsverkefni Landverndar voru hengd upp í anddyri og sýningin „Ég vil sýna Vistvernd í verki“ var sett upp.

### **Hálendisvegir – hvert stefnir og hvað er í húfi?**

Málstofa í Norræna húsinu 14. mars 2006.

### **Stefnumót við Hjörleif sjötugan**

Málþing til heiðurs Hjörleifi Guttormssyni haldið 25. mars í samstarfi við mörg félagasamtök.

### **Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur**

Landvernd er í samstarfi við Neytendasamtökin, Matvæla- og veitingasamband Íslands, Náttúruvæðingafélag Íslands og Vottunarstofuna Tún um vettvang til að efla umræðu um erfðabreyttar lífverur /sjá [www.erfdabreytt.net](http://www.erfdabreytt.net)). Á starfsárinu hefur þessi vettvangur staðið að tveimur vel sóttum opnum fundum um erfðabreyttar lífverur, matvæli og lyf. Samstarfsvettvangurinn hefur einnig beint því til umhverfisráðherra að sjá til þess að gerðar verði rannsóknir á áhrifum erfðabreytts byggs á dýr, en útræktun á erfðabreyttu byggi hefur verið heimiluð.

### **Ýmis verkefni**

Fimm ungmenni tóku þátt í 10 daga norrænum sumarþúðum um umhverfisvernd. Norræna ráðherra-nefndin styrkti þátttöku þeirra.

Blaðaúrklippusafn Landverndar, sem nær til tímabilsins 1970 til 1997, var afhent Umhverfisstofnun til vörslu og hefur verið gert aðgengilegt í bókasafni stofnunarinnar.



*Glaður hópur norrænna ungmenna í sumarþúðum í Finnlandi þar sem þau kynntu sér m.a. umhverfisvernd.*

Rekstrarreikningur ársins 2005

Rekstrartekjur:	Skýr.	2005	2004
Seldar bækur, veggspjöld og bolir .....		658.214	256.815
Árgjöld .....	9.	1.210.685	1.025.120
Styrkir .....	10.	7.200.000	8.112.400
Verkefnatengdar tekjur .....	11.12	13.730.553	11.621.410
Rekstrartekjur v/ Alviðru .....	12.	4.818.600	3.275.650
Aðrar tekjur .....	13.	1.069.564	768.419
		<u>28.687.616</u>	<u>25.059.814</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Kostnaðarverð seldra bóka o. fl. ....		264.390	172.170
Laun og tengd gjöld .....	7.-8.	11.238.086	8.255.171
Rekstur fasteigna .....	14.	1.191.168	1.045.425
Rekstur Alviðru .....	15.	4.150.537	3.933.756
Vistvernd í verki .....	16.	2.150.683	2.945.652
Önnur rekstrargjöld .....	17.	12.073.890	10.460.459
Afskriftir .....	4.	234.776	310.131
Fjármagnstekjuskattur.....	18.	58.496	25.707
		<u>31.362.026</u>	<u>27.148.471</u>
Halli fyrir fjármuna - og fjármagnsliði .....		(2.674.410)	(2.088.657)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Fjármunatekjur .....		932.449	2.083.589
Fjármagnsgjöld .....		(13.473)	(12.327)
		<u>918.976</u>	<u>2.071.262</u>
Halli ársins .....		<u>(1.755.434)</u>	<u>(17.395)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir:	Skýr.	2005	2004
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4.5.		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II .....		11.542.701	11.735.889
Áhöld og innréttingar .....		374.287	415.875
		<u>11.916.988</u>	<u>12.151.764</u>
Langtímakröfur:			
Verðbréfaeign Hússjóðs .....	3.	16.699.835	16.925.271
Fastafjármunir alls .....		<u>28.616.823</u>	<u>29.077.035</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir, bækur o.fl. ....		1.008.225	1.272.615
Ýmsar kröfur .....		962.889	1.077.492
Handbært fé.....		1.185.090	1.428.384
Veltufjármunir alls .....		<u>3.156.204</u>	<u>3.778.491</u>
Eignir alls.....		<u>31.773.027</u>	<u>32.855.526</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>	Skýr.	2005	2004
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé .....	6.	30.122.927	31.878.361
<b>Skuldir:</b>			
Skammtímaskuldir:			
Alviðra.....		647.637	183.180
Ýmsar skammtímaskuldir.....		1.002.463	793.985
Skuldir alls .....		<u>1.650.100</u>	<u>977.165</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....		<u>31.773.027</u>	<u>32.855.526</u>

## Minningargjafir til styrktar Aldamótasjóði

**Aldamótasjóði, styrktarsjóði Landverndar,  
hafa verið færðar gjafir til minningar um eftirtalda:**

Már Haraldsson  
Andrés Sverrisson  
Guðlaugur Bergmann  
Ástvaldur S. Stefánsson  
Kristín Þ. Halldórsdóttir  
Sveinn Jónsson  
Sigurveig Jóhannesdóttir

Björn Aðils Kristjánsson  
Guðrún Sigríður Magnúsdóttir  
Margrét Ólafsdóttir  
Áslaug Sigurðardóttir  
Snorri Skaptason  
Úlla Harðardóttir  
Ögmundur Helgason

## Aðildarfélög Landverndar

**Í Landvernd eru eftirtalin samtök og fyrirtæki,  
einnig hafa um 300 einstaklingar skráð sig í samtökin**

Arkitektafélag Íslands  
Bandalag íslenskra farfugla  
Bandalag íslenskra skáta  
Blaðamannafélag Íslands  
Bændasamtök Íslands  
Dýraverndunarsamband Íslands  
Ferðaklúbburinn 4x4  
Ferðafélag Íslands  
Félag iðn- og tæknigreina  
Félag íslenskra bifreiðaeigenda  
Félag íslenskra búfræðikandídata  
Félag íslenskra landslagsarkitekta  
Félag landfræðinga  
Félag leiðsögumanna  
Fuglavernd  
Garðyrkjufélag Íslands  
Grindavíkurbær  
Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Jarðefnaiðnaðurinn ehf.  
KB banki  
Kennarasamband Íslands  
Kvenfélagasamband Íslands  
Kvenréttindafélag Íslands

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri  
Landssamband hestamannafélaga  
Landssamband stangaveiðifélaga  
Landssamband veiðifélaga  
Líffræðifélag Íslands  
Náttúruverndarfélag Suðvesturlands  
Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST  
Náttúruverndarsamtök Vesturlands  
Náttúruverndarsamtök Suðurlands  
Olíuverslun Íslands hf.  
Samband íslenskra bankamanna  
Samtök um betri byggð  
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN  
Skógræktarfélag Íslands  
Skógræktarfélag Ólafsvíkur  
Skógræktar- og landverndarfélag undir jökli  
Slysavarnarfélagið Landsbjörg  
Snæfellsássamfélagið  
Sól í Hvalfirði  
Stangaveiðifélag Reykjavíkur  
Ultima Thule ehf.  
Ungmennafélag Íslands

Ferðaklúbburinn 4x4 gekk í Landvernd á árinu

## *Þakkir fyrir stuðninginn*

Fjárframlögum til Landverndar fylgja óskir til þeirra sem stýra verkum samtakanna um að þeir standi vörð um sjálfbæra nýtingu lands og sjávar, stuðli að meiri þekkingu á náttúru og umhverfi landsins og haldi uppi málflutningi fyrir náttúruvernd.

**Á þessu starfsári vill stjórn Landverndar sérstaklega þakka stuðning eftirtalinna aðila:**

### *Almennur stuðningur*

#### **Máttarstólpar Landverndar**

Vátryggingafélag Íslands

Bakkavör

Byko

Toyota

KB banki

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Olís

Ultima Thule ehf.

Landbúnaðar- og umhverfisráðuneyti

### **Stuðningur við einstök verkefni**

#### **Vistvernd í verki**

Umhverfisráðuneytið

Sorpa

Landsvirkjun

Toyota

Tæknival

Yggdrasill

Brauðhúsið Grímsbæ

Dýrabær

#### **Bláfáninn**

Samgönguráðuneytið

Umhverfisráðuneytið

Aldamótasjóður Landverndar

### **Grænfáni**

Menntamálaráðuneytið

Umhverfisráðuneytið

Alcoa – Fjarðaál

Flugfélag Íslands

### **Alviðra**

Héraðsnefnd Árnessýslu

Umhverfisráðuneytið

Pokasjóður

### **Loftslagsverkefni**

Alcoa

Bændasamtök Íslands

Landbúnaðarráðuneytið

Reykjavíkurborg

Toyota

Vegagerðin

Umhverfisráðuneytið

### **Krían**

Styrktaraðilar eru taldir upp í ritinu sjálfu

### **Velvildarljósmyndarar Landverndar**

Jóhann Óli Hilmarsson

Jóhann Ísberg

Snævarr Guðmundsson

**Landvernd**

Landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands

**Skýrsla stjórnar**

Lögð fram á aðalfundi 29. apríl 2006

**Umbrot og prentun**

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



**Ritstjórn**

Rannveig Thoroddsen

**Prófarkalestur**

Rúna Gísladóttir

---

**Landvernd**

Skúlatúni 6  
105 Reykjavík  
[www.landvernd.is](http://www.landvernd.is)